

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk !

Skýrsla internetnefndar til umdæmisstjórnarfundar í Reykjanesbæ 17 mars 2012

Að venju hefur verið frekar rólegt í netheimum frá áramótum en annasamasti tíminn er frá stjórnarskiptum og fram að áramótum. Ný klúbbasíða opnaði í janúar og var það heimasíða Kaldbaks frá Akureyri og síðan er ein í uppbyggingu en það er heimasíða Höfða. Á kiwanis.is er síðan kominn þingvefur sem nálgast má með því að klicka á aulýsingaborða þingsinns og einnig er gluggi sem vísar á þingvefinn. Erlendur ritari okkar hún Emelía Dóra hefur ekki setið auðum höndum eins og flestir vita og nú hefur hún bætt um betur og er farin að þýða fréttir okkar á dönsku, og er ég búinn að láta setja upp aukafréttakerfi fyrir fréttir á dönsku og vonandi fellur þetta vel í kramið hjá vinum okkar í Færeyjum. Einhvern tíman var ég búinn að minnast á að setja upp kerfi sem heldur utan um fundagerðir og er það mál ennþá á borðinu, og verið að kanna útfærslu á þessu hvernig best er að halda utan um þetta því ekki er gott að leggja út í svona lagað nema notagildið sé gott. Núna um þessar mundir er verið að setja upp póstlistakerfi inn í umsýslukerfið fyrir kiwanis.is og þar verður hægt að setja öll netföng Kiwanismanna og kvenna í umdæminu til að geta sent út fjöldapóst, sem getur verið mjög handhægt þegar á þarf að halda. Síðan er það gamla tuggan, fréttastreymi mætti vera meira til mín til birtingar á kiwanis.is og einnig mætti nýta spjallið mun meira. Að öðru leyti er allt gott að fréttu úr netheimum og þróun ör svo það er alltaf hægt að vera að breyta og bæta.

13 mars 2012.

Tómas Sveinsson formaður internetnefndar.